

**Nr. 009 / 13 Hrólfur Einarsson ÍS 255*****Fékk á sig brotsjó og skemmdir***

Skipaskr.nr. 2822  
 Smíðaður: Hafnarfjörður 2012, plast  
 Stærð: 14,95 bt.  
 Mesta lengd: 12,63 m Skráð lengd: 10,48 m  
 Breidd: 4,39 m Dýpt: 1,23 m  
 Vél: Isuzu 377 kW, 2012  
 Fjöldi skipverja: 3

**Gögn:**

Lögregluskýrsla  
 Gögn RNS



Hrólfur Einarsson©Sigurður Bergþórsson

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 4. febrúar 2013 var Hrólfur Einarsson ÍS 255 á línuveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 13-18 m/s í Bolungarvík og ölduhæð um 4 m.

Þegar bátsverjar voru að draga línu á Eldingarkanti u.þ.b. sex sml. NV af Skálavík fékk báturinn á sig sjó með þeim afleiðingum að einn gluggi í stýrishúsi brotnaði og annar gekk inn. Sjór komst í brú og vistarverur.

Bátinum var siglt til Bolungavíkur en sjálfstýring og einhver siglingatæki höfðu orðið óvirk.




Báðir miðgluggar brotnir

**Við rannsókn kom fram:**

- að forkantur stýrishússins er 3,88 m að lengd með fjórum gluggum. Tveir miðjugluggarnir hafa neðri brún í 25 sm frá þilfarinu en þeir til endanna í 52 sm hæð. Yfir þeim og fram fyrir þá slútir skyggni sem er lokað að ofan. Öryggisgler er í rúðum samlímt á filmu og er samanlögð þykkt 10 mm;
- að andæft var á hægustu ferð eða dráttarhraða fiskilínu;

- að fjara var kl. 08:21 við Ísafjarðarhöfn en atvikið var um kl. 10:40 en straumur féll þá á Eldingarkanti ( $66^{\circ}18'$  n og  $23^{\circ}36'$  v) í  $43^{\circ}$  upp í vind með 0,17 hnúta hraða;
- að Eldingarkanturinn er nokkuð brattur kantur í „suðurhlíð“ Djúpsins. Dýpisleiðing í kantinum er frá 50 niður í nær 150 metra dýpi á líðlega einnar sjómílu kafla;



- að enginn öldubryjótur er framan við stýrishúsglugga sem tekur af afl öldunnar inn á forkantinn og gluggana;
- að skipstjóri taldi að á þessum tíma hafi ölduhæð á svæðinu verið 4 m og samkvæmt öldudufli (Straumnesdufl) mældist kennialda kl 10:00 4,6 m. og öldulengd 87,7 m. en kl. 11:00 var kennialda 4,9 og öldulengd 93,5 m. Þess ber að geta að í leiðbeiningum Siglingastofnunar um öldumælingar segir að af hverjum 200 öldum geti hæsta alda verið 63% hærri en kennialdan og því allar líkur á því að báturinn hafi lent í þeim aðstæðum.

### *Nefndarálit:*

Nefndin telur að orsök atviksins megi rekja til að verið var að veiðum á varhugaverðu svæði miðað við aðstæður.

Nefndin bendir á að hætta sé meiri á stærri öldum þegar straumur og vindur takast á og einnig að dýpisleiðing hefur áhrif á öldugerð.